

KIRKJUGARÐARÁÐ

18. fundur haldinn mánudaginn 15. apríl 2004

kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri.

1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 10:05.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðaráðs

Sigríður Dögg Geirsdóttir kynnti.

4. Þjónustuhús – tillaga að kostnaðarskiptingu

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um greiðslur og stærðarviðmið varðandi þjónustuhús við kirkjur og kirkjugarða sem hann hafði unnið í samráði við Jóhannes Ingibjartsson starfsmann kirkjuráðs. Í þessum tillögum er sett fram stærðarviðmið fyrir þjónustuhús miðað við fjölda gjaldenda í sókninni ásamt eðlilegri kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs sókna, Kirkjugarðasjóðs og safnaða varðandi fjármögnun slíkra húsa. Samþykkti Kirkjugarðaráð þessa tillögu fyrir sitt leyti.

5. Erindi um að leggja niður heimagrafreit í Vatnsholti í Staðarsveit á Snæfellsnesi

Samþykkti Kirkjugarðaráð erindið og var framkvæmdastjóra falið að senda svarbréf til aðstandenda og tilkynna biskupi og dóms- og kirkjumálaráðuneyti um afgreiðslu ráðsins.

6. Kynning á umsóknum um styrk úr Kirkjugarðasjóði

Framkvæmdastjóri kynnti þau verkefni sem sótt var um styrk til. Að þessu sinni bárust 77 umsóknir um styrk, samtals að upphæð rúmar, 107 milljónir króna, en til úthlutunar eru rúmar 35 milljónir.

7. Úthlutun styrkja úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2004

Við afgreiðslu umsóknar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma vék Þórsteinn af fundi. Þegar rætt var um umsókn Kirkjugarða Akureyrar og hún afgreidd vék Smári af fundinum og eins var þegar umsókn Fornleifaverndar ríkisins um styrk til skráningar minningarmarka í Borgarfjarðar- og Kjalarnesprófastsdæmum var rædd. Þá vék Kristín Huld af fundi. Samþykktar voru styrkveitingar að fjárhæð samtals 35.250 milljónir króna (sjá meðfylgjandi yfirlit hér að neðan):

Kirkjugarðar	2004	Verkefni
Múlaprófastsdæmi		
Hof í Vopnafirði	700	Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins
Hof í Vopnafirði	140	Útfararkostnaður
Hofteigur	500	Bygging þjónustuhúss
Austfjarðaprófastsdæmi		
Eskifjörður	200	Lagfæra steiptan vegg
Skaftafellsprófastsdæmi		
Bjarnanes	700	Til endurbóta og stækkunar
Kálfafellsstaður		Bygging þjónustuhúss
Hof í Öræfum	350	Lagfæra vegg og tröppur
Gröf í Skaftártungum	300	Gerð bílastæðis
Vík í Mýrdal	1.000	Til gagngera endurbóta
Skeiðflöt/Sólheimakapella	100	Lagfæring á kapelli
Rangárvallaprófastsdæmi		
Eyvindarhólar	800	Gerð bílastæðis og lagfæring aðkomu
Kross	350	Gerð bílastæðis
Akurey	200	Göngustígur, tröppur og lýsing
Stórólshvoll (Hvolsvöllur)		Gerð nýs kirkjugarðs
Oddi	0	Hönnun, hleðsla, tröppur o.fl.
Árnesprófastsdæmi		
Hrepphólar	600	Endurnýja girðingu o.fl.
Ólafsvellir	500	Greiða skuld við kirkju
Hraungerði	500	Grjóthleðsla og stækkun
Villingaholt	0	Gerð bílastæðis
Skálholt	300	Hleðsla, hellulögn og lýsing
Torfastaðir	0	Stækkun og endurbætur
Miðdalur	0	Greiða niður skuld við kirkju
Hjalli í Ölfusi	400	Endurnýja sáluhlið, hellulögn o.fl.
Kjalarnesprófastsdæmi		
Innri-Njarðvík	2.000	Stækkun og endurbætur
Reykjavíkurborg		
Suðurgötukirkjugarður	780	Ljúka skráningu og flokkun minningarm.
Borgarfjarðarprófastsdæmi		
Saurbær á Hvalfjarðarströnd	200	Gerð bílastæðis
Stóri-Ás	100	Lagfæra garð og endurnýja girðingu
Snæfellsnes- og Dalapr.		
Staðarhraun	200	Greiða upp skuld
Fáskrúðarb. v/Rauðamels		Greiða niður skuld
Ólafsvík	850	Stækkun o.fl.
Grundarfjörður/Setberg	900	Endurbætur og stækkun.
Snóksdalur	0	Endurnýja girðingu, sáluhlið o.fl.
Hjarðarholt/Búðardalur	0	Þjónustuhús, endurnýjun girðingar o.fl.
Hvammur í Dölum	500	Til að hefja gagngera endurbætur
Staðarfell	350	Aðkoma að kirkjugarði

Skarð á Skarðsströnd	350	Greiða niður skuld og ljúka við girðingu
Barðastrandarprófastsdæmi		
Saurbær á Rauðasandi	1.000	Umgjörð og aðkoma
Breiðuvík	0	Smíði sáluhliðs
Sauðlauksdalur	0	Greiða niður skuld
Patreksfjörður	750	Áframhaldandi lagfæringar
Bíldudalur	500	Endurnýja girðingu, setja upp lýsingu o.fl.
Ísafjarðarprófastsdæmi		
Núpur	800	Greiða niður skuld
Holt í Önundarfirði	1.500	Lagfæra bílastæði, aðkomu og garð
Hnífsdalur	1.000	Gagngerar endurbætur á garðinum
Bolungarvík	700	Hellulögn og frágangur á minningarreit
Ögur	150	Mæla upp og gera legstaðaskrá
Vatnsfjörður	150	Mæla upp og gera legstaðaskrá
Húnavatnsprófastsdæmi		
Hólmavík	0	Lagfæra girðingu, stíga, grafarsvæði o.fl.
Óspakseyri	400	Endurnýja umgjörð o.fl.
Hvammstangi	0	Ný þjónustuaðstaða fyrir kirkjugarðinn
Vesturhópshólar	0	Stækkun og lagfæring á girðingu
Pingeyrar	0	Þjónustuhús
Blönduós	300	Greiða niður skuld
Spákonufell/Skagaströnd		Gagngerar endurbætur á garðinum
Hof á Skaga	400	Gerð bílastæðis
Skagafjarðarprófastsdæmi		
Reynistaður	0	Lagfæra girðingu, sáluhlið og gangstíg
Miklibær	280	Endurnýja gangstétt
Siglufjörður	750	Lýsing og endurnýjun tröppustígs
Eyjafjarðarprófastsdæmi		
Vellir	350	Lagfæra garðflöt og aðkomu
Kirkjugarðar Akureyrar	2.000	Greiða niður gamlar skuldir
Pingeyjarprófastsdæmi		
Grenivík	0	Þjónustuhús
Raufarhöfn	300	Endurnýja girðingu
Niðurlagðir kirkjugarðar		
Höfðabrekka í Mýrdal	0	Endurnýjun girðingar o.fl.
Úthlíð í Biskupstungum	600	Gagnger lagfæring
Klausturhólar í Grímsnesi	500	Gagnger lagfæring
Húsafell	350	Hleðsla og lagfæring á sáluhliði
Staður í Grunnavík	0	Lagfæra garð og gamla hleðslu
Gamli garðurinn á Siglufirði	0	Söguskilti, lagfæring legsteina og gróðurs.
Gamli garðurinn á Húsavík	800	Lagfæra umgjörð o.fl.
Annað		
KGSÍ v/upplýsinga og fræðslu	1.000	Fræðslumál og útgáfa Bautasteins
KGSÍ (In Mem) v/ gagnagr.	3.000	Söfnun v/legstaðaskr, skráning ítarefnis o.fl.
KGSÍ v/rekstur	1.500	Heimasíða, undirb. norrænnar ráðst. o.fl.
KGSÍ v/gjaldalfkans	200	Greiða að hluta kostnað við skýrslu

Fornleifavernd ríkisins	500	Skrá minningarmörk í Borgarfjarðar- og Kjalnespr.
-------------------------	-----	---

8. Næsti fundur

Ákveðið að halda næsta fund mánudaginn 3. maí.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 15:45.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari